

# Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 116 – 26.03.2009

Fimmtudaginn 26. mars, árið 2009, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.30 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Páll Dagbjartsson og Pétur Valdimarsson, Páll Pálsson veitustjóri og Árni Egilsson sem einnig ritaði fundargerð.

## DAGSKRÁ:

1. Hitaveita í Sæmundarhlíð
2. Trúnaðarmál
3. Fráveitumál
4. Önnur mál.
  - a. Vorfundur Samorku á Egilssöðum 28 og 29 maí 2009

## Afgreiðslur:

1. Bragi Þór Verkfræðiskrifstofunni Stoð ehf. kom á fundinn og fór yfir hönnun og verkáætlun á hitaveitu í Sæmundarhlíð. Stjórn Skagafjarðarveitna samþykkir að bjóða út efni og vinnu í lokuðu útboði. Vinna: Steypustöð Skagafjarðar ehf og Vinnuvélar Símonar Skarphéðinssonar ehf. Efni: Ísrör ehf og Set ehf. Verfræðistofunni Stoð ehf er falið að vinna útboðsgögnin.
2. Sjá trúnaðarbók.
3. Lögð fram bókun Byggðaráðs Sv. Skagafjarðar frá fundi 19. mars 2009 þar sem ráðið samþykkir að fara þess á leit við stjórn Skagafjarðarveitna ehf að taka yfir rekstur Fráveitu Skagafjarðar. Stjórn Skagafjarðarveitna ehf samþykkir að gagna til viðræðna um yfirtöku á Fráveitunni.
4. Önnur mál.
  - a. Vorfundur Samorku á Egilssöðum 28 og 29 maí 2009. Stjórn Skagafjarðarveitna ehf samþykkir að þeir stjórnarmenn sækji fundi sem sjá sér það fært ásamt veitustjóra og verkstjóra.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.00

Árni Egilsson ritari (sign)

Einar Gíslason (sign)  
Páll Dagbjartsson (sign)  
Pétur Valdimarsson (sign)  
Páll Pálsson (sign)